

## \*Tollverð

**Kærður er úrskurður tollstjóra varðandi ákvörðun tollverðs af bifreið sem er af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 1999. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og reikningsverð verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.**

### Úrskurður nr. 10/2003.

Með bréfi, dags. 28. desember 2003, er barst nefndinni þann 30. s.m. kærir H, úrskurð tollstjóra nr. 10/2003 sem uppkveðinn var þann 31. október 2003. Í hinum kærða úrskurði hafnar tollstjóri uppgefnu innkaupsverði á bifreið af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 1999. Bifreiðin var flutt til landsins í sendingu númer E SKO 29 01 3 US NEN W121. Kærandi krefst þess að bifreiðin verði tollafgreidd samkvæmt vörureikningi.

Tollalög nr. 55/1987 8. gr., 10. gr., 14. gr. 97.gr. 101.gr. og 108. gr. Reglugerð nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun 20. - 21. gr.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að bifreiðin sé af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 1999 og sé innkaupsverð samkvæmt framlögðum vörureikningi USD 10.500,00. Starfsmenn tollstjóra skoðuðu bifreiðina og leiddi sú skoðun í ljós að ekki voru nein merki tjóns eða annarra annmarka á bifreiðinni. Öðru nær, á verkbeiðni um vöruskoðun taka skoðunarmenn fram að útlit bifreiðarinnar sé gott. Þá segir í úrskurðinum að samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, sé tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega sé greitt fyrir vöruna. Í IV. kafla reglugerðarinnar sé síðan mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar, sbr. 10. - 15. gr. reglugerðarinnar. Í V. kafla reglugerðarinnar sé að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Í 17. gr. komi fram að við tollafgreiðslu ökutækisins skuli tollstjóri bera viðskiptaverð þess eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum saman við viðmiðunarverð ökutækisins af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. Í 18. gr. reglugerðarinnar sé kveðið á um, að gefi eftirlit tollstjóra, skv. 17. gr., réttmæta ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi aðflutningsskýrslu eða fylgiskjala skuli tollstjóri krefja innflytjanda um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint í gögnum þessum. Var það gert með bréfi tollstjóra, dags. 13. febrúar 2003.

Í svari sem embættinu barst við framangreindu bréfi gefur innflytjandi m.a. þær skýringar á lágu viðskiptaverði bifreiðarinnar að verð á notuðum bílum í Bandaríkjunum hafi lækkað mikið eftir að bílaframleiðendur hófu að nota "zero-o-int-financing" og almennt væri bifreiðaverð í Bandaríkjunum lægra en verðmat tollstjóraembættisins kveði á um. Ekki var talið að mati embættisins að rök innflytjanda nægðu til að skýra hið lága viðskiptaverð bifreiðarinnar og var innflytjanda því tilkynnt með bréfi, dags. 17. febrúar 2003, að vörureikningi hefði verið hafnað og tollverð bifreiðarinnar ákvarðað samkvæmt 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995, ISK. 1.240.334,00.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að í bréfi innflytjanda, dags. 23. maí 2003, leggi hann fram frekari skýringar á lágu viðskiptaverði bifreiðarinnar, s.s. að skemmdir væru á ytra byrði bifreiðarinnar, m.a. skemmdir í lakki, á toppi og brotið grill. Fylgir vottorð frá Aðalskoðun hf. er staðfestir þetta, dags. 21. október 2003. Embættið telur ekki unnt að leggja yfirlýsingu Aðalskoðunar hf. til grundvallar þar sem hún er gefin 7 mánuðum eftir tollafgreiðslu bifreiðarinnar. Þvert á móti vísar tollstjóri til fyrrnefndrar "verkbeiðni um vöruskoðun,, sem tollstjóraembættið lét framkvæma, en skv. henni sáust engar skemmdir á bifreiðinni.

Að lokum vikur tollstjóri að því að innflytjandi haldi því fram að skv. Kellys Blue Book sé ljóst að bifreiðar sömu gerðar og hér sé fjallað um séu jafnvel seldar á lægra verði í

Bandaríkjunum en bifreið hans og því sé viðskiptaverð umræddrar bifreiðar eðlilegt. Tollstjóri bendir á að ríkistollstjóri hafi lagt embættinu til ritið Red Book til viðmiðunar, sem gefið er út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum. Því sé tollstjóraembættinu ekki heimilt að nota verð í öðrum ritum sem viðmiðunarverð. Í Red Book komi fram að verð á sams konar ökutæki er talsvert hærra en tilgreint er á framlögðum gögnum við tollafgreiðslu en skv. 20. gr. skuli tollverð innfluttra bifreiða vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra. Tollstjóri biðst afsökunar á því hve dregist hefur að afgreiða málið hjá embættinu. Með hliðsjón af ofanrituðu úrskurðar tollstjóri samkvæmt 100. gr. tollalaga nr. 55/1987 og á grundvelli reiknireglu 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, að tollverð bifreiðarinnar Jeep Grand Cherokee, árg. 1999, skuli vera ISK. 1.240.334,00.

Í kæru innflytjanda til nefndarinnar er málið rakið og telur hann að tollstjóri hafi gert þrenn mistök við tollafgreiðslu bifreiðarinnar. Í fyrsta lagi hafi andmælaréttur hans ekki verið virtur. Því að sama dag og honum hafi borist bréf frá tollstjóra, þar sem óskað var eftir frekari gögnum, hafi honum verið tilkynnt að vörureikningi vegna innkaupanna hafi verið hafnað. Andmælaréttur hafi því ekki verið virtur áður en sú ákvörðun var tekin. Kærandi spyr hvers vegna tollstjóri sé að senda út bréf en bíði ekki eftir svari við því. Þá hafi við skoðun bifreiðarinnar af hálfu embættisins, verið litið framhjá margvíslegu tjóni á henni. Skemmdir hafi komið í ljós strax við fyrstu skráningu hennar og sé það staðfest með undirrituðu vottorði frá Aðalskoðun. Og að síðustu hafi kærán týnst hjá embættinu og ekki tekin til afgreiðslu fyrr en að hann hafi endursent embættinu hana. Því hafi liðið 7 mánuðir frá innflutningi bifreiðarinnar þar til ákvörðun barst frá tollstjóra. Embættið hafi viðurkennt að hafa týnt upphaflegri kæru og beðist afsökunar á þessum mistökum.

Þá segir í kærinni að í úrskurði tollstjóra sé tekið fram að ekki sé unnt að taka til greina vottorð frá Aðalskoðun þar sem það hafi verið lagt fram 7 mánuðum eftir innflutning bifreiðarinnar. Kærandi telur ófært að hann líði fyrir þá handvömm að starfsmenn embættisins týni kærinni. Kærandi spyr hví ætti Aðalskoðun að leggja fram rangt vottorð? Hann telur að skoðunarmenn tollstjóra geti auðveldlega gert mistök og þeim hafi yfirsést í þessu tilfelli gallar á bifreiðinni. Hann krefst að vottorð Aðalskoðunar verði tekið trúanlegt. Enn fremur að hann verði ekki látinn gjalda fyrir það að þurfa að endursenda kærana til embættisins 7 mánuðum frá innflutningi bifreiðarinnar. Kærandi tekur það sérstaklega fram að bifreiðin hafi ekki orðið fyrir frekara tjóni frá því hún var flutt til landsins. Það geti tryggingarfélag og lögregla staðfest. Því sé enn hægt að sannreyna að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni áður en hún var flutt til landsins.

Kærandi krefst þess að litið verði til annarra viðurkenndra matsaðila en Red Book. Ef misræmi sé á milli Red Book og annarra matsaðila ætti innflytjandi að njóta vafans að mati kærandi. Hann telur að Red Book geti ekki verið heilagri matsaðili en hver annar viðurkenndur matsaðili. Þá sé Red Book ekki aðgengileg á Netinu. Heppilegra væri ef tollstjóri byggði verðmat á upplýsingum sem séu aðgengileg skattborgurum, s.s. Kellys Blue Book sem er aðgengileg á Netinu. Með því væri hægt að komast hjá deilum sem þessari. Gegnsætt verðmat sé öllum til hagsbóta.

Þá mótmælir kærandi því að sannleiksgildi innflutningsgagna hans sé dregið í efa. Hann kveðst eiga að baki 20 ára flekklausan feril í viðskiptum.

Kærandi krefst þess að reikningsverð bifreiðarinnar verði lagt til grundvallar ákvörðunar tollverðs, enda er verðið í fullu samræmi við markaðsverð sambærilegra bifreiða eins og hundruð dæma sanna.

Til vara er krafist að verðmat viðurkenndra matsaðila verði tekið til greina. Kellys Blue Book gefur út 27 milljón matsskýrslur í hverjum mánuði og er einn traustasti og þekktasti matsaðili á bifreiðum í Bandaríkjunum að sögn kæranda. Kærandi heldur því fram að í Kellys Blue Book komi fram upplýsingar er staðfesti að reikningsverð bifreiðarinnar sé hærra en matsverð fjölmargra sambærilegra bifreiða.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 30. desember 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 14. janúar 2004 segir m.a. að verð bifreiðarinnar samkvæmt framlögðum reikningi sé USD 10.500,00 en viðmiðunarverð samkvæmt Red Book sé USD 15.200,00. Því sé um 30% frávik að ræða frá viðmiðunarverði embættisins. Vöruskoðun hafi farið fram á sendingu E SKO 29 01 3 US NEN W121 og í henni sé tilgreint að útlit bifreiðarinnar sé gott. Í kjölfar þess hafi kæranda verið sent bréf, dags. 13. febrúar 2003, sem kærandi móttók sama dag. Í nefndu bréfi hafi honum verið veitt færi á að koma

að nánari skýringum eða gögnum til sönnunar viðskiptaverðinu. Þá segir að kærandi hafi sent embættinu tölvupóst sama dag, þann 13. febrúar 2003 og hafi starfsmaður embættisins litið svo á að um væri að ræða svar við bréfi embættisins. Með bréfi, dags. 17. febrúar, hafi kæranda verið tilkynnt um ákvörðun aðflutningsgjalda vegna sendingar E SKO 29 01 3 US NEN W121.

Kærandi kærði ákvörðun embættisins með bréfi sínu, dags. 23. maí 2003. Í kærinni komi m.a. fram að svarbréf hans, dags. 13. febrúar 2003, hafi í raun ekki verið svar við bréfi embættisins frá 13. febrúar. Embættið telur því ljóst að um misskilning hafi verið að ræða. Þar sem kæran misfórst hjá embættinu, lagði kærandi hana aftur fyrir embættið þann 17. október s.l. ásamt viðbótargögnum. Embættið úrskurðaði í málinu þann 31. október 2003.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í kæru til ríkistollanefndar geri kærandi athugasemd við skoðun starfsmanna embættisins á bifreiðinni. En eins og vikið sé að hér að framan fór fram vöruskoðun á bifreiðinni, og var hún skoðuð af starfsmönnum tollstjórans í Reykjavík. Í svari þeirra kemur fram að útlit bifreiðarinnar sé gott. Myndir voru teknar af bifreiðinni og er ekkert tjón sjáanlegt á myndunum. Kærandi lagði fram vottorð frá Aðalskoðun hf., dags. 21. október 2003, þar sem staðfest er að bifreiðin sé með skemmdir á lakki á toppi og að grill sé brotið að framan eftir tjón. Tekið er fram að skemmdir þessar hafi verið til staðar við skoðun bifreiðarinnar þann 24. mars 2003 og að þær séu einungis útlitslegar en hafi ekki áhrif á akstursöryggi.

Þá segir orðrétt: "Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur, að nánar athuguðu máli, komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé rétt að hafna framangreindu vottorði frá Aðalskoðun hf. á þeim grundvelli að 7 mánuðir liðu frá tollafgreiðslu þar til kærandi lagði fram vottorðið. Í bréfi kæranda frá 23. maí 2003 komi fram að hann gat þá framvísað staðfestingu skoðunarmanns hjá bifreiðaskoðunarfyriertæki til staðfestingar þess að bifreiðin væri tjónuð. Þar sem að bréf kæranda frá 23. maí 2003 þar sem ákvörðun embættisins frá 17. febrúar 2003 var kærð, misfórst hjá embættinu, telur tollstjóri ekki rétt að kærandi beri hallann af því að vottorð þeirra barst embættinu ekki fyrr en 17. október 2003. Hins vegar telur embætti tollstjórans í Reykjavík að það verði að byggja á þeim upplýsingum sem starfsmenn embættisins öfluðu með vöruskoðun sinni á bifreiðinni. Samkvæmt þeim gögnum var bifreiðin ekki tjónuð. Þessu til stuðnings bendir embættið einnig á að í tilkynningu frá farmflytjanda kemur fram að farmflytjanda hafi ekki verið tilkynnt um tjón á bifreiðinni. Embættið telur að hafi bifreiðin verið tjónuð er hún var flutt til landsins hafi verið um óverulegt tjón að ræða sem réttlæti ekki hinn mikla verðmun sem er á reikningsverði bifreiðarinnar og viðmiðunarverði embættisins.,,

Þá segir að við verðmætamat bifreiðarinnar, sem kveðið er á um í 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, hafi tollstjóri stuðst við upplýsingar sem fram koma í Red Book til viðmiðunar, en ritið er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum. Í Red Book komi fram að verð á Jeep Grand Cherokee, árg. 1999, sé talsvert hærra en tilgreint sé á framlögðum gögnum við tollafgreiðslu.

Hvað varðar þá kröfu kæranda að miðað verði við verðmat Kellys Blue Book bendir tollstjóri á að verðmat það sem fram komi á heimasíðu Kellys Blue Book (kbb.com) er breytilegt dag frá degi. Útprentun kæranda, dags. 29.12.03, gefi mið af því verði sem var í gildi þann dag en ekki af því verði sem í gildi var við innflutning bifreiðarinnar. Embættið bendir einnig á að mögulegt sé að fá þrjú mismunandi verð fyrir hverja bifreiðategund eftir því hvert ástand bifreiðarinnar sé. Tollstjóri telur því þær upplýsingar sem fram koma á heimasíðu Kellys Blue Book ekki gefa upp nógu afdráttarlaust viðmiðunarverð svo að embættið geti litið til þess við verðmætamat bifreiðarinnar.

Embættið telur því ljóst að viðmiðunarverð það sem fram kemur í Red Book veiti raunhæfa mynd af markaðsverði umræddrar bifreiðar.

Í ljósi þessa telur embætti tollstjórans í Reykjavík viðskiptaverð bifreiðarinnar samkvæmt umræddum reikningi, mun lægra en almennt markaðsverð. Tollstjóri telur því að ekki beri að leggja framlagðan vörureikning til grundvallar tollverðsákvörðun, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995 sem og ákvæði IV. og V. kafla sömu reglugerðar og telur að rök kæranda nægi ekki til að skýra hið lága viðskiptaverð bifreiðarinnar.

Með hliðsjón af öllu framansögðu krefst tollstjórinn í Reykjavík þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Ríkistollanefnd sendi kröfugerð tollstjóra til umsagnar kæranda. Í svari hans mótmælir hann nokkrum efnisatriðum í greinargerð tollstjóra. Hann telur að það sé allra hagur að tollstjóri noti viðmiðunarverð sem skattborgararnir hafi aðgang að. Þá mótmælir kærandi því að þau verð

sem fram komi í Red Book séu eitthvað sannari en þau sem tilgreind eru í Kellys Blue Book. Leiki vafi þar um beri að túlka vafann skattborgaranum í vil, enda sé það einn af hornsteinum laganna. Verðsveiflur á bifreiðum séu ekki það miklar að ekki megi með nokkrum líkum sannreyna verðmæti bifreiða. Þá mótmælir kærandi því að ekki sé mark takandi á upplýsingum sem séu nokkurra vikna gamlar.

Kærandi furðar sig á þeim vinnubrögðum tollstjóra að draga í efa staðhæfingu um að bifreiðin hafi verið skemmd en gera enga tilraun til að kalla eftir bifreiðinni og skoða hana aftur. Þar fyrir utan telur kærandi starfsmenn Aðalskoðunar betur til þess fallna en tollstjóra að meta ástand bifreiða þar sem þeir eru menntaðir á því sviði. Skoðunarmaður sá er skoðaði bifreiðina hefur starfað sem bifvélavirki í áratugi. Kærandi veit ekki til þess að starfsmenn tollstjóra hafi þá menntun og reynslu, enda þótt þeir reyni að sinna sínu starfi af heiðarleik og bestu getu. Kærandi ítrekar fyrri kröfur.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og hafa nefndarmenn kynnt sér þau gögn sem hafa verið lögð fram. Ágreiningur í máli þessu snýst um aðflutningsgjöld af bifreið af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 1999, sem kom til landsins þann 29. janúar 2003 með sendingu nr. E SKO 29 01 3 US NEN W121. Kærandi krefst þess að vörureikningur yfir kaupin verði lagður til grundvallar greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðinni og að litið verði til viðmiðunarverða sem upp eru gefin í Kellys Blue Book þegar sannreyna þarf vörureikning í stað Red Book. Tollstjóri ákvarðar verð bifreiðarinnar skv. 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverðsákvörðun. Bifreiðin var skoðuð af hálfu tollstjóra og kom ekki fram neitt tjón á henni við þá skoðun. Bifreiðin var keypt í gegnum bílasala en verð frá bílasala eru yfirleitt hærri en verð frá einstaklingum enda eru bifreiðar á bílasölum oftast lagfærðar ef ástæða er til þess áður en þær eru settar í sölu. Viðmiðunarverð bæði Kelly's Blue Book og Red Book eru hærri ef bifreið er keypt frá bílasala en þar gilda svokölluð Retail verð en ekki Wholesale verð.

Kærandi leggur hins vegar fram yfirlýsingu frá skoðunarstöð, þar sem segir að bifreiðin hafi verið útlitsgölluð. Ríkistollanefnd telur engin rök fyrir því að draga skoðunargerð tollstjóra í efa, og verður hún því lögð til grundvallar við mat á ástandi bifreiðarinnar við innflutning hennar

Ef borin eru saman verð bifreiða í fylgigögnum kæranda (verð 12 bifreiða valin af lista kæranda) frá Autotrader.com og Red Book og tekið tillit til aksturs kemur í ljós að frávik eru misjafnlega mikil en að meðaltali um 8%, mest +26% og -8%. Akstur bifreiðanna hefur mikil áhrif á verð þeirra hvort sem miðað er við Red Book eða upplýsingar á netinu (Autotrader.com) enda endurspeglar það best almennt ástand bifreiðanna.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10. - 14. gr. skal það ákvarðað "*með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli upplýsinga hér á landi*", sbr. nánar 15. gr. reglugerðarinnar.

Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Þar segir m.a. í 20. gr. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá tollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessum tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá tollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð, 12% vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt.

Það kemur fram í hinum kærða úrskurði að tollstjóri byggði ákvörðun sína á því, að skýringar kæranda á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar væri mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða í innkaupslandinu, væru ekki fullnægjandi. Hann ákvað því að beita 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun. Í gögnum málsins liggur jafnframt fyrir að hann hafi ekki talið sér fært að beita samanburðarreglum 10. til 14. gr. reglugerðarinnar við tollverðsákvörðunina.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber tollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur tollstjórinn í Reykjavík lagt tollstjórum til ritið Red Book, sem hefur verið gefið út í áratugi í Bandaríkjunum og er notað þar af fjölmögum aðilum, s.s. tryggingarfélagum og bílasölum.

Fyrir liggur að reikningsverð bifreiðar þeirrar sem hér er deilt um tollverð á er umtalsvert lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu Red Book. Reikningsverð bifreiðarinnar er 10.500 dollarar. En meðalverð sams konar bifreiða í Bandaríkjunum er skv. Red Book 15.700 dollarar. Að teknu tilliti til aksturs bifreiðarinnar en henni hafði verið ekið líðlega 40.000 mílur við innflutning á samkvæmt viðmiðunarreglum Red Book að bæta við meðalverð bifreiðarinnar 1.050 dollurum vegna lítils aksturs. Reikningsverð er því 37% lægra en viðmiðunarverð í Red Book. Kærandi heldur því fram að verðupplýsingar í Red Book séu hærri en verð í Kellys Blue Book auk þess sem hann telur að hægt eigi að vera að nálgast upplýsingar um verð í Red Book á Netinu. Þessu er til að svara að það er rétt að Red Book er ekki opin á netinu nema gegn gjaldi. Nefndarmenn eru sammála kæranda í því að það væri æskilegra að upplýsingar viðmiðunarritra væru aðgengilegar t.d. á netinu. En á meðan svo er ekki gefa tollstjórar upplýsingar um verð úr viðmiðunarritum til þeirra er þess óska. Í gögnum kæranda er að finna fjölda af ljósritum úr bifreiðaskrá bílasala á netinu þar sem verð á sams konar bifreið og hér er deilt um verð á er lægra en verð í Red Book. Nefndarmenn hafa skoðað þessar upplýsingar og komist að því að í langflestum tilfellum hafa verðin verið mjög áþekk og viðmiðunarverð Red Book þegar tekið hefur verið tillit til aksturs bifreiðanna.

Kærandi kvartar yfir því að tollstjóri "týndi" kærunni í sjö mánuði. Tollstjóri viðurkennir að það hafi orðið mistök í vinnslu á málinu sem olli því að það var lagt til hliðar og harmar þau mistök. Nefndarmenn taka undir kvörtun kæranda en ekki verður séð að þessi tölfræði hafi haft í för með sér fjárhagslegan skaða fyrir hann. Ríkistollanefnd áréttar við tollstjóra að vanda vinnubrögð og treysta boðleiðir þannig að svona mistök endurtaki sig ekki.

Enda þótt reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsvert, verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar. Á myndum sem starfsmenn tollstjóra tóku af bifreiðinni, er þeir skoðuðu hana, eru ekki merkjanlegar þær lakkskemmdir og brot á grilli sem kæranda verður tíðrætt um og skýra eiga þann mun sem er á viðskiptaverði bifreiðarinnar og á viðmiðunarverði uppgefnu í ritinu Red Book.

Í ljósi þess hve mikil frávik eru á reikningsverði hinnar innfluttu bifreiðar annars vegar og markaðsverði sambærilegra bifreiða hins vegar, m.v. uppgefnu verð í ritinu Red Book er framlagður reikningur ekki trúverðugur. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla rgl. nr. 374/1995 ekki hægt að fallast á kröfu kæranda að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar.

Með hliðsjón af ofanrituðu telja nefndarmenn rétt í þessu máli að ákvarða tollverð bifreiðarinnar samkvæmt 20. - 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjórans í Reykjavík, dags. 31. október 2003, um ákvörðun tollverðs bifreiðar af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 1999, er flutt var til landsins í sendingu númer E SKO 29 01 3 US NEN W121 skuli standa óbreyttur.